

## Hundruð íslenskra ungmenna þurfa endurhæfingu til að blómstra í lífinu

# Starfsgeta og lífsgæði

Sigurður Bogi Sævarsson sbs@mbl.is „Ungt fólk sem á framtíðina fyrir sér á að fá tækifæri til starfsgetu og að upplifa lífsgleði.

Sigurður Bogi Sævarsson

sbs@mbl.is

„Ungt fólk sem á framtíðina fyrir sér á að fá tækifæri til starfsgetu og að upplifa lífsgleði. Því er alvarlegt að þúsundir íslenskra ungmenna skuli á hverjum tíma ekki vera í vinnu, námi eða starfsendurhæfingu,“ segir Kristín Siggeirsdóttir framkvæmdastjóri Janusar endurhæfingar. Í síðustu viku voru haldnir *Læknadagar 2020*, fræðing lækna á Íslandi þar sem Kristín kynnti niðurstöður rannsóknar á langtímaárangri af starfsemi Janusar, sem reynist mjög góður.

### Sinna um 270 manns á hverju ári

Janus endurhæfing sem hefur aðsetur við Skúlagötu í Reykjavík var sett á laggirnar fyrir 20 árum. Framan af var fólk hátt á fertugsaldri stærsti hluti skjólstæðinga. Svo breyttist og þróaðist starfsemin. Hingað til hafa verið um 270 manns á ári í endurhæfingu, en þjónustan er læknisfræðileg þar sem þverfaglegur hópur lækna, iðjuþjálfara, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, kennara og fleiri vinna saman.

Síðustu ár hafa á hverjum tíma verið í meðferð 130-150 manns og er helmingurinn ungmenni 25 ára og yngri. Öllu þessu fólki er vísað til Janusar endurhæfingar í gegnum starfsendurhæfingarsjóðinn Virk, sem er kaupandi þjónustunnar. Á samningi Virk við Janus endurhæfingu kann þó að verða breyting á næstunni. Færri sem leita til Virk virðast þurfa á þjónustunni að halda. Hefur tilvísunum sem berast Janusi endurhæfingu fækkað umtalsvert.

### Áföll hafa áhrif

„Margt af okkar fólki hefur orðið fyrir ýmsum þungum áföllum eða veikindum. Þau hafa litað uppvöxt sem aftur hefur áhrif á heilsu fólksins og dregur úr getu þess til náms og vinnu,“ segir Kristín. „Sjálftel ég þjóðfélagið hafa brugðist þessu unga fólki, sem þarf nauðsynlega endurhæfingu. Hana þarf að aðlaga hverjum og einum en mismunandi er hvenær viðkomandi sjálfur er tilbúinn að taka á móti verkfærunum sem honum eru rétt, bæði vegna þroska og andlegrar stöðu. Mörg ungmenni þarfnast hæfingar sem kemur á undan starfsendurhæfingu og svo eftirfylgd á sama stað. Kerfið býður hins vegar ekki upp á heildræna endurhæfingu sem er alvarlegur misbrestur. Ungmennin okkar geta lent á milli skips og bryggju. Þau sem eru með þung vandamál þarfnast oft starfsendurhæfingar sem tekur jafnvel tvö til þrjú ár. Þetta er mikilvægt að viðurkenna og gefa þann tíma sem þarf.“

Ungar konur eru í meirihluta þeirra sem njóta þjónustu Janusar. Einstæðum mæðrum hefur fjölgað og nánast allir skjólstæðingar glíma við geðrænan vanda. Kvíði, þunglyndi og félagsfælni eru algeng vandamál en oft eru ungmennin einnig með athyglisbrest og námserfiðleika. Margir hafa sömuleiðis verið í neyslu eða eru með röskun sem leitt hefur til árekstra þeirra við samfélagið. Þá tiltekur Kristín að mörg ungmennin hafi ekki notið þess sem almennt er talið „heilbriggt“ fjölskyldulíf eða haft „góðar“ fyrirmyndir.

### Skylda samfélagsins

„Mörg ungmenni eru álitin of veik eða með of víðtækan vanda til að geta nýtt sér starfsendurhæfingu. Að fá þann úrskurð að vera ekki tækur til endurhæfingar tel ég að ekki sé rétt að gera. Þetta unga fólk á að fá tækifæri til að ná heilsu og færni. Okkur hlýtur að bera skylda til þess sem samfélagi að koma á móts við þennan hóp, þótt bakland hans sé brotið,“ segir Kristín.

Hjá Janusi endurhæfingu er skjólstæðingum mætt hverjum á sínum stað og til þess eru mörg verkfæri notuð. Þar má nefna gervigreindarforritið *Völvu*. eru þess dæmi að Völvan bendi á atriði sem trufla endurhæfingu skjólstæðingsins en sérfræðingum yfirsjást.

„Svona er hægt að bregðast við í tíma enda hefur gervigreindin bætt þjónustu okkar og vakið eftirtekt erlendis. Stundum segjum við að völvan sé hlutlaus þátttakandi í þeim hópi okkar fólks sem sinnir meðferðarstarfinu,“ segir Kristín og bætir við að lokum:

### Sér bróður eigi

„Það veldur mér annars nokkrum áhyggjum að margir sem hér hafa verið síðastliðin ár haldast skemur í vinnu en fyrri ár. Hugsanlega er eitthvað í umhverfinu sem minnir á fyrri áföll þegar fólkið er komið út á vinnumarkaðinn sem veldur bakslagi. Slíkt segir mér að við þurfum að gera betur, veita ungmennunum eftirfylgd og stuðning oft í nokkra mánuði eftir útskrift. Það segir líka í gömlum bókum að ber sé hver að baki nema sér bróður eigi og þau orð eiga ágætlega við hér.“



Janus Alvarlegt að þúsundir íslenskra ungmenna skuli á hverjum tíma ekki vera í vinnu, námi eða starfsendurhæfingu,“ segir Kristín Siggeirsdóttir. — Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hver er hún?

- Kristín Siggeirsdóttir fæddist árið 1960. Löjupjálfi frá Háskólanum í Lundi og lauk mastersprófi 2001. Stofnaði Janus endurhæfingu um aldamót og framkvæmdastjóri frá 2003.
- Frá 2002 hefur Kristín starfað hjá Hjartavernd og er framkvæmdastjóri þróunar þar. Hefur birt fjölda ritrýndra vísindagreina um endurhæfingu og faraldsfræði.